

**Kirkjunnar menn
þjappa sér um
tvö biskupsefni**

● **Blaðsíða 2**

**Kennt í trássi við
lög í öðrum hluta
Foldaskóla í Rvík**

● **Blaðsíða 3**

**Ekki endilega kær-
mál þó ölvaður mað-
ur gangsetji bíl**

● **Baksíða**

Tíminn

Hefur boðað frjálsslyndi og framfarir í sjö tugi ára

MIDVIKUDAGUR 5. OKTÓBER 1988 – 228. TBL. 72. ÁRG.

Viktor Kortsnoj í einkaviðtali við Tímann um sér-
kennilegustu uppákomu allra tíma í skákheiminum:

Gangandi skák við annan heim

Stórmeistarinn Viktor Kortsnoj er nú þáttakandi í einhverri sérkennilegustu uppákomu allra tíma í skákheiminum. Með aðstoð miðils teflir hann við framliðna, ungverska stórmeistarann Geza Maroczy, sem lést fyrir 37 árum. Leiknir hafa verið 30 leikir og er enn nokkuð eftir af skákinni.


Kortsnoj segist hafa látið til leiðast, þar sem hann trúir á líf eftir dauðann.

Tíminn kriaði út einkaviðtal við stórmeistarann í miðjum undirbúningnum fyrir baráttuna við sautján lifandi stórmeistara í Borgarleikhúsinu.

● **Blaðsíða 5**



Stórmeistarinn, Geza Maroczy fæddist árið 1869 og lést 1951. Hann teflir nú við Kortsnoj að handan. Fullyrt er að þetta sé fyrsta „handanheimsskákinn“.



Viktor Kortsnoj hefur í fjögur ár, með hléum, teft við hinn framliðna stórmeistara, Geza Maroczy. Þrjátíu leikir hafa verið leiknir og segist Kortsnoj hafa betri stöðu þar sem Geza hafi leikið af sér manni. Fjögur ár eru frá því fyrst var leikið í skákinni og algerlega óvíst hvenær henni lýkur.

Tímamynd Árni Bjarna